

**Forsætisráðherra**  
**Katrín Jakobsdóttir**  
**Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg**  
**101 Reykjavík**

Bakkafirði 3. mars 2018

**Efni: Málefni byggðarinnar við Bakkafloá**

Um nokkurt skeið hefur starfshópur skipaður fulltrúum íbúa, sveitarfélagsins, stoðstofnana og þingmanna kjördæmisins verið að skoða til hvaða aðgerða mætti grípa til að styrkja stöðu byggðar á Bakkafirði og Langanesströnd og koma í veg fyrir algert hrún hennar sem veruleg hætta er á. Afrakstur vinnunnar er að finna í meðfylgjandi greinargerð en starfshópurinn leggur áherslu á að þær megin tillögur sem þar eru tilgreindar nái fram að ganga, en það er að mati hópsins forsenda fyrir því að frekara þróunarstarf til styrkingar byggðinni geti farið fram. Rétt er að fram komi að Byggðastofnun hefur ekki fjallað um tillögurnar.

Þessar megin tillögur starfshópsis eru eftirfarandi:

- Aflaheimildir skv. 10. gr. laga nr. 116/2006 (sértækur byggðakvóti Byggðastofnunar) verði a.m.k. 300 þorskígildistönn frá og með fiskveiðíárinu 2018-2019.  
Ábyrgðaraðilar: Byggðastofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Alþingi.
- Settir verði viðbótarfjármunir í samgönguáætlun ásamt með fé af viðhaldslið til að ljúka lagningu bundins slitlags á þann hluta þjóðvegar 85 á Langanesströnd sem ólokið er á árunum 2018-2019 og varanlegri vegagerð um Brekknaheiði verði lokið á árunum 2019-2021.  
Ábyrgðaraðilar: Vegagerðin, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Alþingi.
- Byggðin við Bakkafloá verði tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir frá og með 1. júní 2018 og ráðinn verkefnisstjóri staðsettur þar til að stýra verkefninu.  
Ábyrgðaraðilar: Byggðastofnun, Langanesbyggð, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og íbúasamtök (hverfisráð) á Bakkafirði.
- Áatak verði gert í að efla nærbjónustu með þjónustukjarna líkt og fordæmi eru fyrir, m.a. á Þingeyri (Blábankinn) þar sem ríkisvaldið hefur lagt til fjármuni í samstarfi fleiri aðila.  
Ábyrgðaraðilar: Langanesbyggð, Byggðastofnun og samstarfsaðilar (Landsbankinn, Samkaup, Pósturinn, Heilbrigðisstofnun Austurlands o.fl.)
- Sett verði í gang tilraunaverkefni, t.d. til næstu þriggja ára, um reglubundnar almenningssamgöngur milli Bakkafjarðar og Þórshafnar með sértækum stuðningi ríkisins.  
Þannig verði unnt að sækja skóla, vinnu, verslun og eiga önnur samskipti milli staðanna með greiðum hætti. Ferðir morgna og síðdegis miðist sérstaklega við þarfir atvinnulífs og skóla, en ferð um miðjan daginn myndi mæta ýmsum almennum þörfum þar til viðbótar.  
Ábyrgðaraðilar: Langanesbyggð, Eyþing, Vegagerðin, Byggðastofnun og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Ljóst er að til þess að hrinda þessum tillögum í framkvæmd þarf beinan stuðning ríkisstjórnar þar sem aðgerðirnar rúmast ekki innan gildandi starfshheimilda einstakra stofnana. Í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem uppi er og m.a. hefur birst í ákalli íbúa um hjálp sem undirritað er af nítján íbúum byggðarlagsins, er þess óskað að þegar verði sett á fót sérstök aðgerðastjórn sem hafi nauðsynlegt umboð til að hrinda framangreindum tillögum í framkvæmd í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Með bréfi þessu er óskað eftir fundi með forsætisráðherra og eftir atvikum öðrum ráðherrum, til að fylgja erindinu úr hlaði og skýra einstök atriði málsins frekar.

Í starfshópnum,

The image shows eight handwritten signatures in blue ink, arranged in two columns. The first column contains the names: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Mennta- og menningarmálaráðherra. The second column contains the names: Þorunn Egibjöll Hlíðarson, Ólafur Petursson, Ólafur Guðmundsson, Þórir Karl Þorvaldsson, Þórir Karl Þorvaldsson, Þórir Karl Þorvaldsson, and Njall Þórður Friðleifsson.

Afrit: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Mennta- og menningarmálaráðherra

Fylgiskjöl: Ákall íbúa á Bakkafirði um hjálp dags, 19. febrúar 2018  
Greinargerð starfshópsins um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa